

# FÉLAGSDÓMUR

Dómur fimmtudaginn 17. febrúar 2022.

Mál nr. 24/2021:

## **Fræðagarður**

(*Jón Sigurðsson lögmaður*)

gegn

## **Hafnarfjarðarkaupstað**

(*Guðmundur Siemsen lögmaður*)

### **Dómur Félagsdóms**

Mál þetta var dómtekið 25. janúar sl.

Málið dæma Ásgerður Ragnarsdóttir, Ásmundur Helgason, Gísli Gíslason, Guðni Á. Haraldsson og Kristín Benediktsdóttir.

Stefnandi er Fræðagarður, Borgartúni 6 í Reykjavík.

Stefndi er Hafnarfjarðarkaupstaður, Strandgötu 6 í Hafnarfirði.

#### **Dómkröfur stefnanda**

- 1 Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að Katrín Sjöfn Róbertsdóttir, kt. 100789-2139, félagsmaður stefnanda, hafi átt rétt til greiðslu 8% persónuálags úr hendi stefnda frá og með 1. mars 2020, samkvæmt grein 10.2.2 í kjarasamningi stefnanda og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd stefnda, frá 21. mars 2016, með síðari breytingum.
- 2 Stefnandi krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnda.

#### **Dómkröfur stefnda**

- 3 Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

#### **Málavextir**

- 4 Félagsmaður stefnanda, Katrín Sjöfn Róbertsdóttir, hefur starfað sem leiðbeinandi á leikskólanum Álfasteini sem rekinn er af stefnda frá árinu 2014. Hún hafði áður starfað á leikskólanum Vesturkoti, sem einnig er rekinn af stefnda, frá árinu 2009. Hún hefur ekki öðlast menntun sem leikskólakennari og starfar á leikskólanum á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla.
- 5 Katrín Sjöfn átti í upphafi aðild að Verkalýðsfélaginu Hlíf og gildi kjarasamningur stéttarfélagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um starfskjör hennar. Þar var að finna svohljóðandi ákvæði í grein 10.2.2 sem bar heitið „Persónuálag vegna símenntunar“:

„Með vísan til greinar 10.1.3 skulu starfsmenn fá persónuálag vegna árlegrar þátttöku í símenntunaráætlun sem hér segir:

2% eftir 1 árs starf hjá sveitarfélögum og/eða öðrum sambærilegum störfum.  
Samtals 4% eftir 5 ára starf hjá sveitarfélögum og/eða öðrum sambærilegum störfum.

Samtals 6% eftir 9 ára starf hjá sveitarfélögum og/eða öðrum sambærilegum störfum.

Samtals 8% eftir 15 ára starf hjá sveitarfélögum og/eða í öðrum sambærilegum störfum.

Við mat á starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum til persónuálags getur sveitarfélag krafðið starfsmann um gögn sem staðfesta þann starfstíma (vinnuveitendavottorð). Hækkun vegna starfstíma kemur til framkvæmda næstu mánaðarmót eftir að fullnægjandi gögn hafa borist vinnuveitanda.“

- 6 Í grein 10.1.3 í kjarasamningnum var gerð nánari grein fyrir því að starfsmenn skyldu eiga kost á að sækja reglubundna þjálfun, námskeið eða annars konar fræðslu til að viðhalda og auka við þekkingu sína og færni. Stofnanir eða starfseiningar skyldu setja fram símenntunaráætlun fyrir starfsmenn sína árlega og skyldi þátttaka starfsmanna í slíkri áætlun metin árlega. Tekið var fram að starfsmaður ætti rétt á persónuálagi samkvæmt grein 10.2.2 fyrir þátttöku í áætluninni.
- 7 Að virtri starfsreynslu og þátttöku í símenntunaráætlun hafði Katrín Sjöfn áunnið sér rétt til 8% persónuálags samkvæmt grein 10.2.2 í kjarasamningi Verkalýðsfélagsins Hlífar og Sambands íslenska sveitarfélaga.
- 8 Undir lok árs 2019 lauk Katrín Sjöfn BA-prófi í sálfræði og ákvað í kjölfarið að færa sig í stéttarfélagið Fræðagarð sem er stefnandi þessa máls. Hún starfaði áfram sem leiðbeinandi á sama leikskóla, sem stefndi rekur, en frá 1. mars 2020 gildi kjarasamningur stefnanda og Sambands íslenskra sveitarfélaga um starfskjör hennar. Frá þeim tíma hefur hún ekki fengið greitt persónuálag vegna símenntunar samkvæmt grein 10.2.2 í kjarasamningnum. Ákvæðið sem ber heitið „Persónuálag vegna fagreynslu og símenntunar“ er svohljóðandi:

„Starfsmenn skulu fá persónuálag vegna árlegrar þátttöku í símenntunaráætlun sem hér segir:

2 % eftir 1 árs fagreynslu í starfsgrein sinni.

Samtals 4% eftir 3 ára fagreynslu í starfsgrein sinni.

Samtals 6% eftir 5 ára fagreynslu í starfsgrein sinni.

Samtals 8% eftir 9 ára fagreynslu í starfsgrein sinni.

Þeir sem náð hafa 13 ára fagreynslu við gildistöku samningsins og hafa fengið 2% persónuálag vegna þess, halda því meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda.

Til að fá fagreynslu í starfsgrein metna þarf starfsmaður að leggja fram gögn sem staðfesti þann starfstíma (vinnuveitandavottorð).

[...]

Forsenda persónuálags þessa er staðfest þátttaka í símenntunaráætlun stofnunar eða starfseiningar. Hlutur starfsmannsins skal vera persónubundinn að því leyti að áætlunin taki til sameiginlegra þarfa hans og þeirrar stofnunar eða skipulagsheildar sem hann er hluti af. Hún skal beinast fyrst og fremst að fagsviði starfsmannsins með það að markmiði að starfsmaðurinn þróist á sérsviði sínu í þágu heildarinnar. Áætlunin skal að jafnaði undirbúin gagnvart hverjum og einum starfsmanni eftir starfsþróunarsamtal.

Í janúar á ári hverju skal þátttaka í símenntunaráætlun næstliðins árs metin. [...]"

- 9 Hinn 10. mars 2020 var haldinn samstarfsfundur fulltrúa stefnanda og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem rætt var um hvort Katrín Sjöfn ætti rétt til greiðslu persónuálags samkvæmt grein 10.2.2 í kjarasamningi aðila. Fram kemur í fundargerð að fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga telji að störf félagsmanns utan þess fræðasviðs sem menntun hans tilheyrir teljist ekki til fagreynslu. Þar sem félagsmaðurinn hafi áður sinnt starfi á grundvelli kjarasamnings þar sem ekki hafi verið gerðar sérstakar menntunarkröfur teljist sú reynsla ekki fagreynsla í skilningi kjarasamningsákvæðisins.
- 10 Með bréfi lögmanns Katrínar Sjafnar til stefnda 1. júlí 2021 var þess krafist að laun hennar yrðu leiðrétt þannig að hún fengi greitt 8% persónuálag frá 1. mars sama ár. Vísað var til þess að hún hefði meira en 13 ára reynslu sem leiðbeinandi í leikskóla og stæðist ekki að afnema rétt hennar vegna þess eins að hún hefði skipt um stéttarfélag. Erindinu var hafnað með tölvubréfi stefnda 10. júlí 2021. Stefnandi tilkynnti stefnda með bréfi 8. september 2021 að mál yrði höfðað vegna þessa ágreinings fyrir Félagsdómi.

#### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

- 11 Stefnandi byggir á því að Katrín Sjöfn eigi samningsbundna og lögvarða kröfu til þess að fá greitt 8% persónuálag samkvæmt grein 10.2.2 í kjarasamningi aðila. Stefnandi hafi neitað að greiða henni persónuálag vegna fagreynslu og símenntunar samkvæmt kjarasamningsákvæðinu og þar með virt að vettugi reynslu hennar í starfi.
- 12 Stefnandi vísar til þess að kjarasamningsákvæðið hafi ávallt verið skilið með þeim hætti að fagreynslu geti starfsmaður öðlast annars vegar í starfi hjá sama atvinnurekanda og hins vegar með reynslu í ákveðnu fagi óháð því fyrir hvern sé unnið. Ágreiningur aðila lúti að túlkun á kjarasamningi og falli undir lögsögu

Félagsdóms, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

- 13 Stefnandi vísar til þess að Katrín Sjöfn hafi fullnægt áskilnaði greinar 10.2.2 í kjarasamningi aðila frá 1. mars 2020 þegar hún varð félagsmaður stefnanda. Forsenda greiðslu persónuálags sé árleg þátttaka í símenntunaráætlun, auk þess sem starfsmaður þurfi að leggja fram gögn sem staðfesti starfstíma til að fá fagreynslu í starfsgrein metna. Það liggi fyrir að Katrín Sjöfn hafi tekið þátt í símenntunaráætlun í starfi sínu enda hafi hún áður fengið greitt 8% persónuálag á grundvelli samhljóða ákvæðis í kjarasamningi Verkalýðsfélagsins Hlíf og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún hafi starfað sem leiðbeinandi á leikskólum stefnda í meira en tólf ár og búi yfir samsvarandi reynslu af því fagi.
- 14 Stefnandi leggur áherslu á að Katrín Sjöfn hafi þegar áunnið sér rétt til 8% persónuálags vegna símenntunar og starfsreynslu samkvæmt grein 10.2.2 í fyrrgreindum kjarasamningi sem Verkalýðsfélagið Hlíf eigi aðild að. Stefnda sé óheimilt að afnema þegar veitt persónuálag. Leggja verði ákvæði um persónuálag vegna símenntunar í kjarasamningunum tveimur að jöfnu, enda sé efnislega um að ræða sama rétt til persónuálags og skilyrðin hin sömu. Beri stefnda því að greiða starfsmanninum óbreytt persónuálag þrátt fyrir að nýr kjarasamningur eigi við.
- 15 Stefnandi telur að túlka beri hugtakið „fagreynsla“ í grein 10.2.2 í kjarasamningi aðila með þeim hætti að það nái bæði til reynslu af ákveðnu fagi óháð vinnuveitanda og reynslu af ákveðnu starfi hjá núverandi vinnuveitanda. Að vera leiðbeinandi í leikskóla sé fag Katrínar Sjafnar í starfi og hafi hún aflað sér meira en tólf ára reynslu í faginu.
- 16 Stefnandi tekur fram að engar breytingar hafi verið gerðar á starfi Katrínar Sjafnar sem geti leitt til þess að reynsla hennar í faginu sé höfð að engu og réttlæti að hún fái ekki lengur greitt persónuálag. Hún starfi enn sem leiðbeinandi á leikskólanum Álfasteini, búi enn yfir reynslu sem leiðbeinandi í leikskóla og hafi engin breyting verið gerð á starfsskyldum hennar. Það standist ekki að afnema persónuálag starfsmannsins af þeirri einu ástæðu að hún hafi lokið háskólaprófi og fært sig um stéttarfélag. Í grein 10.2.2 í kjarasamningi aðila sé mælt fyrir um umbun fyrir reynslu af starfi sem sé háð skilyrði um þátttöku í símenntunaráætlun. Reynsla af starfi á grundvelli ákvæðisins sé ekki tengd stéttarfélagsaðild starfsmanna eða bundin því að starfsmaður ljúki háskólaprófi. Starfsmaðurinn búi áfram yfir þegar metinni starfsreynslu.

#### **Málsástæður og lagarök stefnda**

- 17 Stefnandi vísar til þess að Katrín Sjöfn hafi uppfyllt aðildarskilyrði stefnanda eftir að hún lauk háskólaprófi í sálfræði á árinu 2019. Hún hafi gerst félagsmaður í stefnanda og hafi farið um starfskjör hennar eftir kjarasamningi aðila frá mars 2020, þar með talið réttri túlkun á grein 10.2.2. Túlka verði ákvæðið með þeim hætti að félagsmaður

geti ekki áunnið sér fagreynslu í skilningi ákvæðisins fyrir en eftir að hann hafi lokið háskólaprófi sem sé skilyrði fyrir aðild að stéttarfélaginu.

- 18 Stefndi mótmælir því sérstaklega að kjarasamningsákvæðið hafi ávallt verið túlkað með þeim hætti að fagreynslu geti starfsmaður öðlast annars vegar í starfi hjá sama atvinnurekanda og hins vegar með reynslu í fagi óháð því fyrir hvern sé unnið. Þá er því mótmælt að ákvæði gildandi kjarasamnings um persónuálag sé samhljóða ákvæði í þeim kjarasamningi sem Verkalýðsfélagið Hlíf eigi aðild að.
- 19 Stefndi vísar til þess að Katrín Sjöfn starfi sem leiðbeinandi á leikskóla og hafi átt aðild að Verkalýðsfélaginu Hlíf þar til að hún lauk háskólaprófi. Lög þess stéttarfélags geri ekki kröfu um sérstaka menntun félagsmanna. Þá sé ekki gerð sérstök krafa til menntunar leiðbeinanda í leikskóla, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 90/2008. Katrín Sjöfn hafi nú lokið BA-prófi í sálfræði, en starf hennar sé utan þess fræðasviðs sem menntunin tilheyri.
- 20 Samkvæmt 10. kafla kjarasamnings stefnanda og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem ber heitið „fræðslumál“, geti félagsmenn áunnið sér persónuálag á fjóra mismunandi vegu, það er vegna starfsþróunarnámskeiða, vegna símenntunar, vegna menntunar á framhaldsskólastigi og vegna menntunar á háskólastigi. Samkvæmt grein 10.2.2 skuli starfsmenn fá persónuálag vegna árlegrar þátttöku í símenntunaráætlun og ráðist hlutfallið af „fagreynslu“ viðkomandi „í starfgrein sinni“. Þetta ákvæði sé hvorki sambærilegt né samhljóða grein 10.2.2 í kjarasamningi Verkalýðsfélagsins Hlífar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem beri heitið „Persónuálag vegna símenntunar“. Í síðargreindum kjarasamningi sé miðað við tiltekinn tíma í starfi en í þeim kjarasamningi sem við eigi sé miðað við fagreynslu og tíma í starfi. Þessi munur endurspeglar einnig í mismunandi titlum greina 10.2.2 í kjarasamningunum, en gildandi ákvæði beri heitið „Persónuálag vegna fagreynslu og símenntunar“.
- 21 Stefndi telur að túlka beri kjarasamningsákvæðið í samræmi við orðanna hljóðan, sbr. einnig meginreglu 10. gr. laga nr. 94/1986 þar sem fram komi að kjarasamningar skuli vera skriflegir. Gera verði greinarmun á starfstíma og fagreynslu í skilningi kjarasamningsins þannig að starfsmaður geti aðeins aflað sér fagreynslu með störfum á því fræðasviði sem viðkomandi sé ráðinn til að starfa á. Hafi viðkomandi aftur á móti sinnt starfi utan þess fræðasviðs sem menntun hans tilheyri teljist þau störf ekki til fagreynslu í skilningi kjarasamningsins.
- 22 Stefndi vísar til þess að hefði það verið ætlun samningsaðila að tryggja félagsmönnum stefnanda persónuálag með vísan til starfstíma einvörðungu hefði orðalagi ákvæðisins verið hagað með sama hætti og í þeim kjarasamningi sem Verkalýðsfélagið Hlíf á aðild að. Það falli í hlut stefnanda að sýna fram á að leggja beri annan skilning í kjarasamningsákvæðið en leiði af orðanna hljóðan. Stefnandi verði að sama skapi að færa fullnægjandi sönnur á að skapast hafi venjubundin framkvæmd um túlkun og

framkvæmd þessa ákvæðis sem rennt geti stoðum undir kröfur hans. Að mati stefnda hafi stefnandi ekki axlað þá sönnunarbyrði.

- 23 Stefnandi leggur áherslu á að þar sem Katrín Sjöfn hafi sinnt starfi samkvæmt kjarasamningi þar sem ekki hafi verið gerðar sérstakar menntunarkröfur teljist reynsla af starfinu ekki til fagreynslu í skilningi greinar 10.2.2 í kjarasamningi aðila. Áréttað er að Katrín Sjöfn hafi ekki uppfyllt aðildarskilyrði stefnanda fyrr en að loknu háskólaprófi og geti fagreynsla hennar í fyrsta lagi talist frá því tímamarki, yrði starfið á annað borð talið vera innan fræðasviðs menntunar hennar.

#### **Niðurstaða**

- 24 Mál þetta á undir Félagsdóm, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 25 Aðila greinir á um hvernig túlka ber grein 10.2.2 í kjarasamningi stefnanda og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem fjallað er um persónuálag vegna símenntunar og fagreynslu. Samkvæmt ákvæðinu skal starfsmaður sem hefur tekið þátt í símenntunaráætlun eiga rétt á tilteknu hlutfalli persónuálags sem fer hækkandi eftir árafjölda „fagreynslu“ viðkomandi „í starfsgrein sinni“. Ræðst þannig réttur til persónuálags bæði af starfstíma starfsmanns og fagreynslu hans í starfsgrein sinni.
- 26 Stefnandi telur að fyrrgreindur félagsmaður stéttarfélagsins, Katrín Sjöfn, sem býr yfir meira en tólf ára reynslu af starfi sem leiðbeinandi í leikskólum stefnda, eigi rétt á greiðslu 8% persónuálags samkvæmt kjarasamningsákvæðinu. Stefnandi telur aftur á móti að skilyrði til greiðslu persónuálags séu ekki uppfyllt þar sem félagsmaðurinn hafi ekki öðlast áskilda fagreynslu í starfi. Af málalíbúnaði stefnda verður ráðið að hann telji félagsmanninn fyrst hafa getað öðlast slíka reynslu eftir að hún lauk háskólaprófi. Þá geti reynsla af starfi sem leiðbeinandi í leikskóla ekki talist til fagreynslu í skilningi ákvæðisins þar sem starfið sé utan þess fræðasviðs sem menntun hennar tilheyrir. Telur stefnandi þannig að félagsmaðurinn geti ekki áunnið sér fagreynslu í starfsgrein sinni í skilningi ákvæðisins á meðan hún starfar sem leiðbeinandi í leikskóla.
- 27 Eins og rakið hefur verið þá fékk umræddur félagsmaður greitt persónuálag vegna símenntunar samkvæmt grein 10.2.2 í kjarasamningi Verkalýðsfélagsins Hlífar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Gerð hefur verið grein fyrir ákvæðinu að framan en samkvæmt því á starfsmaður sem tekur þátt í símenntunaráætlun rétt á greiðslu persónuálags í tilteknu hlutfalli sem ræðst af starfstíma hans. Eftir að Katrín Sjöfn lauk BA-prófi í sálfræði og gerðist félagsmaður í stefnanda gildir fyrrgreint ákvæði greinar 10.2.2 í kjarasamningi stéttarfélagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um rétt hennar til persónuálags vegna símenntunar. Ákvæðin eru ekki samhljóða og ræðst úrlausn um kröfu stefnanda einkum af skýringu á því hvað felst í „fagreynslu“ í starfsgrein samkvæmt því kjarasamningsákvæði sem á við.

- 28 Það er ágreiningslaust að Katrín Sjöfn hefur tekið þátt í símenntunaráætlun og býr yfir meira en tólf ára reynslu af starfi sem leiðbeinandi á leikskólum stefnda. Það er ekki skýrt nánar í kjarasamningsákvæðinu hvað felst í „fagreynslu í starfsgrein“ í skilningi ákvæðisins. Að mati dómsins leiðir það ekki af skýringu samkvæmt orðanna hljóðan að með „fagreynslu“ sé eingöngu átt við reynslu af þeirri starfsgrein sem viðkomandi hefur menntað sig til að starfa við. Breytir þar engu þótt skilyrði fyrir aðild að Fræðagarði miðist við háskólamenntun, en stefndi hefur fallist á að greiða stefnanda laun samkvæmt kjarasamningi Fræðagarðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá verður ekki heldur séð að túlka beri ákvæðið með þeim hætti að félagsmaður geti fyrst öðlast fagreynslu í þessum skilningi eftir að hann lýkur háskólaprófi og skilyrði til aðildar að stefnanda eru uppfyllt. Slík þrengjandi túlkun fær hvorki stoð í orðalagi ákvæðisins né öðrum ákvæðum 10. kafla kjarasamningsins. Þá hefur stefndi ekki fært haldbær rök fyrir því að þessi túlkun sé í samræmi við markmið ákvæðisins og vilja samningsaðila.
- 29 Að virtu orðalagi kjarasamningsákvæðisins og samkvæmt almenntri málvenju verður að leggja til grundvallar að með „fagreynslu“ sé átt við reynslu starfsmanns af því fagi sem hann starfar við, það er af starfsgrein sinni. Ávinnur starfsmaður sér þannig rétt til hærra hlutfalls persónuálags eftir því sem reynsla hans af tilteknu starfi verður lengri að því gefnu að hann haldi áfram þátttöku í símenntunaráætlun.
- 30 Samkvæmt því sem að framan er rakið hefur Katrín Sjöfn meira en 12 ára reynslu af starfi sínu sem leiðbeinandi á leikskóla og telst sú reynsla til fagreynslu í skilningi greinar 10.2.2 í kjarasamningi aðila. Verður því viðurkennt að hún hafi átt rétt til greiðslu 8% persónuálags samkvæmt grein 10.2.2 í kjarasamningi aðila frá og með 1. mars 2020, enda teljast skilyrði ákvæðisins uppfyllt um að hún hafi níu ára fagreynslu í starfsgrein sinni sem leiðbeinandi í leikskóla. Verður því fallist á kröfu stefnanda með þeim hætti sem greinir í dómsorði.
- 31 Að virtum úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað eins og greinir í dómsorði.

#### **Dómsorð:**

Viðurkennt er að Katrín Sjöfn Róbertsdóttir, kt. 100789-2139, félagsmaður stefnanda, Fræðagarðs, hafi átt rétt til greiðslu 8% persónuálags úr hendi stefnda, Hafnarfjarðarkaupstaðar, frá og með 1. mars 2020, samkvæmt grein 10.2.2 í kjarasamningi stefnanda og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd stefnda frá 21. mars 2016, með síðari breytingum.

Stefndi greiði stefnanda 600.000 krónur í málskostnað.



